



Ráðgjöf og verkefnastjórnun fyrir Hafnarfjarðarbæ í mars 2014



Áfram!

Ný tækifæri í Hafnarfirði

Virðing – Vinna – Virkni

Áfram!

Með samningi dagsettu 20. desember 2013¹ tók Ráðgjöf og verkefnastjórnun að sér að vinna greiningu á núverandi stöðu veittrar fjárhagsaðstoðar á vegum Hafnarfjarðarbæjar, helstu áskorunum og valkostum sem bærinn stendur frammi fyrir í þeim efnum og að gera áætlun um aðgerðir til aukinnar vinnu og virkni einstaklinga á fjárhagsaðstoð með sérstöku átaksverkefni sem skapi þeim tækifæri til endurkomu á vinnumarkað.

Miðað var við að verkið væri unnið sem átaksverkefni í þrem verkþáttum yfir 6 mánaða tímabil og hófst vinnan 17. desember sl.

Samkvæmt verkþætti A var verkefnið skilgreint og markmið þess og umfang afmörkuð. Frumgreining fór fram á þeim hóp sem fær fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ, bæði hvað varðaði umfang og samsetningu ásamt þeim kostnaðartölum sem liggja að baki fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Þessum þætti lauk með minnisblaði til bærarstjóra dags. 23. desember 2013.²

Verkþáttur B tekur til hugmynda og þróunarvinnu út frá markmiðum, greiningarvinnu og vinnu á vettvangi með stjórnendum og starfsfólki, vinnslu og framsetningu aðgerðaráætlunar ásamt vinnslu nauðsynlegra skipulagsgagna. Skýrsla þessi er liður í þeirri vinnu.



© 2014 Ráðgjöf og verkefnastjórnun
Lækjartorgi 5
101 Reykjavík

Greinargerð þessi var unnin á tímabilinu desember 2013 til mars 2014.
Upplýsingar um vinnslu hennar gefur Runólfur Ágústsson í síma 695-9999 eða netfanginu runolfur@runolfur.is.
Greinargerðin er byggð á opinberum upplýsingum, skýrslum, fræðigreinum, ýmsum öðrum gögnum og viðtölum.
Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggð er á
en miðað er við að um heimildir trausta aðila sé að ræða

SKILGREINING VERKEFNIS

- Að greina stöðu fjárhagsaðstoðar bæjarins í samráði við Fjölskylduþjónustu og starfsfólk þess.
- Að leggja fram tillögur, unnar í samráði við starfsfólk Fjölskylduþjónustu og stjórnendur bæjarins, að átaksverkefni sem ætlað er að tryggja öllum einstaklingum á fjárhagsaðstoð í bænum tækifæri til endurkomu á vinnumarkað eða einstaklingsbundin virkni-eða hæfingarúrræði.
- Að að stöðva fyrirséða útgjaldaaukningu til málaflokksins árið 2014.

¹ Sjá fylgiskjal 1

² Sjá fylgiskjal 2

Vinnsla verkefnisins

Skýrsla þessi er afrakstur greiningar, samstarfs á vettvangi, stefnumótunar- og þróunarvinnu frá desember 2013 til mars 2014. Allar tölulegar upplýsingar um fjárhagsaðstoð eru fengnar frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, nema annars sé sérstaklega getið. Fundað hefur verið með starfsfólki, stjórnendum og nefndum á vegum Hafnarfjarðarbæjar og utanaðkomandi aðilum sem tengjast verkefninu við upplýsingaöflun og þróun verkefnisins.

Þrír árangursríkir vinnufundir voru haldnir með ráðgjöfum og starfsfólki Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar sem starfa að verkefnum þeim sem skýrslan fjallar um. Sá fyrri var haldinn í byrjun árs og voru þar markaðar grunnforsendur til að vinna átaksverkefnið út frá, markmið þess skilgreind og helstu tillögur mótaðar³. Í byrjun febrúar var haldinn annar fundur með sömu aðilum eftir ítarlega greiningarvinnu en á þeim fundi bættust við þrír fulltrúar frá VMST, til samhæfingar og nánari útfærslu samstarfs vegna verkefnisins. Þar var einkum fjallað um vinnulag og verkferla. Snemma í mars voru drög að verkferlum og gæðamati lögð fyrir starfsmannafund og eru þeir kaflar í þessari skýrslu sem fjalla um þá þætti afrakstur þeirrar vinnu.

Reglulega hefur bæjarstjóra og stjórnendum verið gerð grein fyrir framgangi verkefnisins, tillögur kynntar og viðbrögð fengin við þeim frá stjórnendum og starfsfólki ásamt því að kallað hefur verið eftir upplýsingum frá starfsfólki og kjörnum fulltrúum eftir því sem ástæða hefur verið til. Vinnsla verkefnisins var m.a. kynnt á fundi fjölskylduráðs þann 29. janúar 2014 og fyrir fjármálateymi bæjarins þann 26. febrúar 2014. Aðaltengiliður Hafnarfjarðarbæjar við Ráðgjöf og verkefnastjórnun hefur verið Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.


Vinumálastofnun var sótt heim í nokkur skipti, vegna samstarfs VMST og Hafnarfjarðar við þjónustu við atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð, auk upplýsingaöflunar. Þar var m.a. fundað með forstjóra Vinnumálastofnunar, sviðsstjóra og deildarstjóra vinnumiðlunar- og ráðgjafasviðs og lögfræðingum stofnunarinnar.

Að auki var fundað með framkvæmdastjóra og lögfræðingum Sambands sveitarfélaga vegna upplýsingaöflunar og til að fá ráðgjöf varðandi reglur um fjárhagsaðstoð og fleiri atriði. Þá hefur efni tillagna þessara verið kynnt fyrir forsvarsmönnum stéttarfélaga í Hafnarfirði og aðstoðar- framkvæmdastjóra ASÍ.

³ Sjá fylgiskjal nr. 3


Greining á fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar

Umfang fjárhagsaðstoðar Hafnarfjarðarbæjar hefur margfaldast frá árinu 2007, eins og sjá má á mynd 1. Vöxturinn var hlutfallslega afar mikill fyrstu þrjú árin eftir hrun en síðan dregur heldur úr, þar til árið 2013 en þá vex hann verulega á ný. Milli áranna 2012 og 2013 hækkaði fjárhagsaðstoð úr 301 m.kr. í 392 m.kr. frá fyrra ári eða u.þ.b. 30%.



Mynd 1: Fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar 2001-2013. Fjöldi einstaklinga og upphæðir.


Mjög stór hluti þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er ungt fólk. Yngsti aldurshópurinn, 15-24 ára er langfjölmennastur, sbr. mynd 2, næstfjölmennasti hópurinn er á aldursbilinu 25-34 ára, en fáir eru eldri en 55 ára. Samanlagt fá tveir yngstu hóparnir um 69 % af fjárhagsaðstoðinni.



Mynd 2: Aldursskipting einstaklinga á fjárhagsaðstoð frá 2007-2013.


Þegar sundurliðun og þróun fjárhagsaðstoðar bæjarins undanfarin ár er skoðuð sést að tveir liðir, framfærslustyrkur og námsstyrkur hafa verið afgerandi stærstir í útgjöldum. Eins og sjá má á mynd 3 hefur

Þróunin verið á þann veg að hlutfall skólastyrkja hefur farið lækkandi á meðan framfærslustyrkurinn hefur hlutfallslega hækkað og skýrist það af því að útgjaldaaukning vegna fjárhagsaðstoðar hefur að mestu leyti verið vegna aukinnar eftirspurnar eftir framfærslustyrk.



Mynd 3: Skipting og þróun fjárhagsaðstoðar 2009-2013. Vinstri ás sýnir upphæðir og hægri ás sýnir hlutföll hvers útgjaldaliðs.


Fjöldi þeirra sem fékk skólastyrk jókst verulega fyrstu þrjú árin eftir hrun en undanfarin tvö ár hefur þeim aftur fækkað og útgjöld vegna málaflokksins samfara lækkað. Árið 2013 var heildarupphæð skólastyrkja 45 m.kr. samanborið við 61 m.kr. árið á undan. Tæp 72%, eða 64 af þeim 89 einstaklingum sem fengu skólastyrk árið 2013 voru barnlausir.



Mynd 4: Skólastyrkur 2001-2013. Upphæð og fjöldi einstaklinga.


Eins og áður hefur komið fram skýrist útgjaldaaukning fjárhagsaðstoðar að langmestu leyti í aukingu á eftirspurn eftir framfærslustyrk sem er nú tæp 80% af fjárhagsaðstoðinni. Hann hækkaði úr 201,3 m.kr. upp í 307,7 m.kr. milli árána 2012 og 2013 eða um 52,8%, sbr. mynd 5, en hækkun hafði verið 18% milli ára þar á undan og 10% á undan því. Þessi mikla aukning kemur m.a. til vegna þeirra einstaklinga sem hafa

tæmt bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og sækja þá um framfærslustyrk hjá sveitarfélaginu í kjölfarið. Vísbendingar eru um áframhaldandi vöxt í málaflokknum árið 2014, m.a. má í því samhengi líta til þess að árið 2013 tæmdu 188 einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og árið 2014 stefnir í að það sama geti gilt um allt að 160 einstaklinga⁴.



Mynd 5: Framfærslustyrkur 2001-2013. Fjöldi og upphæðir.


Hátt hlutfall þeirra sem fær framfærslustyrk hjá Hafnarfjarðarbæ í dag er ungt fólk, sbr. mynd 6. Um 39% er á aldrinum 15-24 ára sem er stærsti einstaki aldurshópurinn. Um 71% er á aldrinum 15-34 ára og aðeins 29% eru 35 ára og eldri.



Mynd 6: Framfærslustyrkur. Aldursdreifing einstaklinga 2007-2013.

⁴ Samkvæmt upplýsingum frá VMST.

Sé litið til fjölskyldustöðu kemur í ljós að um 66% þeirra sem fá framfærslustyrk eru ekki með barn á framfæri sbr. mynd 7. Að auki er það þannig að í dag eru rúmlega 14% þeirra sem fá framfærslustyrk er ungt fólk sem skráð er í foreldrahúsum.



Mynd 7: Fjöldi barna á framfæri þeirra sem fengu framfærslustyrk 2011-2013.

Á vinnufundum sem haldnir voru með ráðgjöfum og starfsfólki Fjölskylduþjónustu kom fram að nokkur hluti þeirra sem fá framfærslustyrk eru einstaklingar sem bíða eftir afgreiðslu á bótum frá VMST eða TR og fá styrk frá sveitarfélaginu á biðtímanum. Ráðgjafar hafa tekið eftir að biðtími hjá þessum hóp hefur verið að lengjast undanfarin misseri með auknum kostnaði fyrir sveitarfélagið því eins og fyrirkomulagið er í dag greiðir sveitarfélagið framfærslu á meðan biðtíma stendur, þó í raun liggi framfærsluskyldan hjá TR eða VMST. Því þótti ástæða til að greina sérstaklega stærð þessa hóps og kostnað bæjarins við þjónustu hans. Áætlaður fjöldi þessa fólks er um 14,6% af heildarfjölda þeirra sem fá framfærslustyrk og í janúar 2014 voru útgjöld bæjarfélagsins vegna þessa hóps um 3,6 m.kr.

Framfærslustyrkur og námsstyrkur eru afgerandi stærstu útgjaldaliðir vegna fjárhagsaðstoðar, eða samanlagt um 91%. Því hefur vinnan aðallega snúið að því að greina stöðu þessara tveggja liða. Greining á skólastyrk í samstarfi við Fjölskylduþjónustu leiddi í ljós að útgjöld til slíkra styrkja færu lækkandi, ferli væru þar í góðum farvegi og góð eftirfylgni virtist með þeim sem fengju styrkinn. Því er það mat skýrsluhöfunda að ekki sé þörf á aðgerðum til breytinga á verkferli í þeim lið. Þó er lagt til að teknar séu saman árangurstölur varðandi útgreidda styrki og árangur styrkþega í námi svo hægt sé að leggja mælanlegt mat á árangur. Verið er að vinna rannsókn í samvinnu við Háskólann á Akureyri á skólastyrkjum og árangri þeirra. Niðurstöðu þeirrar rannsóknar er að vænta í maí n.k.

Tillögur til breytinga sem settar eru fram í þessari skýrslu snúa því að framfærslustyrk, skipulagi bættrar þjónustu við þá sem fá styrk og skilyrðum þess að slíkur styrkur sé veittur.

Tillögur til breytinga: Áfram!

Með vísan til kafla um greiningar og vinnslu eru hér settar fram tillögur í samræmi við framkomin markmið, þessar tillögur eru afrakstur samstarfs við starfsfólk Fjölskylduþjónustu og stjórnendur bæjarins.

Tilgangur tillagnana er að bregðast við nýrri stöðu og áskorunum sem Hafnarfjarðarbær stendur frammi fyrir þannig að saman fari réttur einstaklinga til raunverulegrar aðstoðar og hvati til virkni með hagsmuni og velferð einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð að leiðarljósi.

Verkefninu er þannig fyrst og fremst ætlað að bæta þjónustu við notendur Fjölskylduþjónustu, skapa þeim raunhæf tækifæri til innkomu eða endurkomu á vinnumarkað og stuðla að betri nýtingu á því fjármagni sem bæjarfélagið ver til fjárhagsstuðnings í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Tillögurnar skiptast efnislega í eftirfarandi þætti:

- 1) Tillögur um breytingar á skipulagi Fjölskylduþjónustu.
- 2) Tillögur um vinnu- og virkniúrræði.
- 3) Tillögur um breytingar á greiðslum til þeirra sem hafna þátttöku í vinnu eða virkni.

Tillögunum fylgir framkvæmdaáætlun með tímasetningu einstakra þátta og markmiðssetningu um árangur, fjárhagsáætlun og skipulagsskjöl um eftirfarandi þætti:

- 4) Tillögur til breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ.
- 5) Tillögur að verkferlum fyrir Fjölskylduþjónustu varðandi fjárhagsaðstoð.
- 6) Tillaga um árangurs- og gæðamat á verkefninu.

Tillögur að breyttu skipulagi þjónustu Fjölskylduþjónustu varðandi fjárhagsaðstoð.

Gerð er tillaga um að skipta starfsemi Fjölskylduþjónustu upp í tvö teymi sem veiti umsækjendum um fjárhagsaðstoð og fólki á fjárhagsstyrk einstaklingsmiðaða þjónustu. Annars vegar Matsteymi Fjölskylduþjónustu sem ákvarði um umsóknir, meti vinnufærni og ástæður óvinnufærni, auk þess að úrskurða um fjárhæð styrks og

MARKMIÐ TILLAGNA

1. Að skapa öllum atvinnuleitendum á fjárhagsstyrk tækifæri til endurkomu á vinnumarkað með tilboði um tímabundið hlutastarf samhliða virkum stuðningi.
2. Að tryggja óvinnufærum einstaklingum á fjárhagsaðstoð möguleika á starfsendurhæfingu, vímuefna meðferð eða öðrum úrræðum eftir þörfum hvers og eins ásamt tímabundnu hlutastarfi samhliða slíkri meðferð eða að henni lokinni.
3. Að aðstoða sérstaklega ungt fólk á fjárhagsaðstoð af bótum í nám, vinnu eða til annarra skapandi verkefna.
4. Að skoða og greina reglur og verkferla bæjarins um fjárhagsaðstoð og leggja fram tillögur um endurskoðun á þeim í samráði við Fjölskylduþjónustu og stjórnendur bæjarins, til að auka virkni út frá ofangreindum atriðum.

skerðingar vegna höfnunar á þátttöku. Hins vegar **Virkni- og úrræðateymi Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar** sem annist miðlun úrræða og starfa eftir þörfum og getu hvers og eins.

Með þessu er gert ráð fyrir aukinni skilvirkni með tiltekinni sérhæfingu í störfum þeirra sem að málaflokknum vinna. Auk þess er réttur notenda betur tryggður með því að skilja að annars vegar ákvörðun um rétt til aðstoðar og úrskurðar um fjárhæð styrks og hins vegar framkvæmd úrræða. Höfnun á þátttöku hefur þannig í för með sér endurskoðun á styrkveitingu. Með þessu fyrirkomulagi sjá sömu starfsmenn ekki um miðlun í úrræði eða vinnu og ákvörðun um afleiðingar þess að neita að taka þátt í slíku.

Jafnframt er lagt til að strax og úrskurður um bótarétt liggur fyrir, sé einstaklingur flokkaður annað hvort í **biðhóp** eða **úrræðahóp**. Í biðhóp séu allir þeir settir sem leita til sveitarfélagsins eftir tímabundinni fjárhagsaðstoð meðan þeir bíða afgreiðslu sinna mála hjá T.R. eða VMST. Þessi flokkun er mikilvæg strax í upphafi til að tryggja að þeir sem þurfa á úrræðum og/eða vinnu að halda fái þá þjónustu sem fyrst en biðtími þeirra sem bíða afgreiðslu TR eða VMST á bótum eða lífeyri sé á sama tíma stytur eins og kostur er. Ekki sé gerð á þessa einstaklinga virknikrafa eða kröftum og fjármunum varið til þjónustu þeirra þar sem þeir eiga heima í öðrum kerfum sem ber að kosta framfærslu þeirra og þjónustu samkvæmt lögum.

Í virkniþóp séu einstaklingar sem þurfa á aðstoð sveitarfélagsins að halda til að tryggja framfærslu sína skv. 12. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar kemur fram að sveitarfélagi sé skylt að tryggja að íbúar þess geti séð fyrir sér og sínum. Skuli aðstoð jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda viðkomandi og koma á sama tíma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur geti ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf. Hlutverk virkni- og úrræðateymis er því að tryggja einstaklingum í virkniþópnum, í kjölfar mats á vinnufærni, vinnu til að gera hlutaðeigandi kleift að sjá fyrir sér og sínum. Í þeim tilfellum þar sem óvinnufærni er til staðar aðstoðar teymið óvinnufæran einstakling við að efla vinnufærni sína og tryggir honum tækifæri til endurkomu eða innkomu á vinnumarkað með sama markmið í huga.

Til að meta vinnufærni og greina óvinnufærni einstaklinga á fjárhagsstyrk verði sérstakur matshópur skipaður, sem samanstandi af trúnaðarlækni, sálfræðingi og félagsráðgjafa. Hópurinn metur vinnufærni þeirra sem ekki eru í biðhóp og telja sig óvinnufæra. Þannig

MARKMIÐ TILLAGNA

5. Að koma í veg fyrir fyrirséða aukningu á útgjöldum Hafnarfjarðar til fjárhagsaðstoðar á árinu 2014.
6. Að stuðla að betri nýtingu á almannafé með því að beina útgjöldum til aukinnar virkni og tækifæra fyrir einstaklinga á fjárhagsaðstoð í stað þess að greiða þeim framfærslustyrk.
7. Að öll vinna við verkefnið og framsetningu þess miði að því að skapa sátt um málaflokkinn og þjónustu bæjarins í þeim efnum með það í huga að Hafnarfjörður verði leiðandi á meðal sveitarfélaga í virkri þjónustu við einstaklinga á fjárhagsaðstoð.
8. Að verkefnið verði útfært með starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar í nánu samráði við allar þær stofnanir og hagsmunaaðila sem málið varða og geta komið að því.

fari fram hlutlægt og heildstætt mat á vinnufærni og öðrum þáttum sem varða einstaklingsbundna stöðu viðkomandi og með því verði m.a. hægt að virkja vinnufærnimat hvers og eins til að finna viðeigandi einstaklingsmiðuð úrræði handa þeim sem eru metnir óvinnufærir.

Tillögur um vinnu og virkni.

Í samræmi við inntak laga um félagsþjónustu sveitarfélaga verði sú grundvallarbreyting innleidd í reglur og verkferla fjárhagsaðstoðar Hafnarfjarðarbæjar að hún verði aðstoð til virkni, vinnu og sjálfsbjargar í stað hlutlauss fjárhagsstyrks. Þannig verði fjárhagsstyrkur án samhliða virkni, endurhæfingu eða meðferðarúrræði, ekki meginregla. Fjárhagsstuðningur án tilboðs og kröfu um virkni og/eða vinnu verði undantekning og byggji ávallt á faglegu mati starfsmanna matsteymis Fjölskylduþjónustu á hagsmunum viðkomandi einstaklings.


Öllum umsækjendum um framfærslustyrk sem meta sig vinnufæra verði boðið hlutastarf í stað styrks. Þetta krefst þess að sköpuð verði 150 hlutastörf til sex mánaða (2/3 starfshlutfall) hjá sveitarfélaginu og einkareknum fyrirtækjum í bænum með það að markmiði að ná a.m.k. 100 ráðningum innan ársins. Þetta eru að meðaltali 2-3 störf á viku sem ráða þarf í ef miðað er við að átakið sé til eins árs en æskilegt að að ná sem flestum ráðningum í apríl og maí með samstilltu átaki þar sem auðveldara er að ráða til ýmissa starfa sem henta kynnu einstaklingum innan hópsins í sumarbyrjun en á öðrum árstímum. Þeir atvinnurekendur sem ráða einstaklinga innan verkefnisins fá greiddan styrk í sex mánuði sem svari til grunnframfærslu upp í kjarasamningsbundin laun óháð styrkfjárhæð þess sem ráðinn er. Þannig verði skapaður hvati til að taka boði um starf og kerfið einfaldað gagnvart atvinnurekendum sem ávallt fá sömu fjárhæð upp í kjarasamningsbundin laun.

Einstaklingum, sem meta sig óvinnufæra, en eru í vinnufærnimati metnir vinnufærir, bjóðist einnig störf með sama hætti.

Lagt er til að haldið verði utan um störf í verkefninu í sérstökum starfabanka og að öll skráð störf fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Starfshlutfall sé amk. 2/3 og laun séu ávallt greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum.
2. Um sé að ræða fjölgun á störfum hjá viðkomandi stofnun eða atvinnurekenda.
3. Ekki hafi verið sagt upp starfsmanni sem sinnti viðkomandi starfi sl. 6 mánuði hið minnsta.
4. Staðfesting á launagreiðslu til viðkomandi fylgi reikningi um greiðslu styrks.

Einstaklingum sem metnir eru óvinnufærir eða með skerta vinnufærni eða ráðningarhæfni verði tryggður möguleiki á aðstoð við endurkomu á vinnumarkað í samstarfi við VMST, starfsendurhæfingu í samstarfi við VIRK/Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, vímuefna meðferð í samstarfi við SÁÁ eða önnur úrræði eftir þörfum hvers og eins ásamt tímabundnu hlutastarfi samhliða slíkri meðferð eða að henni lokinni eigi slíkt við.



Mynd 8: Tillaga að skipuriti fjárhagsaðstoðar og virkni hjá á vegum Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar.

Tillögur um breytt fyrirkomulag á greiðslu fjárhagsstyrks

Lagt er til að skerðingarheimildir verði rýmkaðar og nýttar í auknum mæli gagnvart þeim einstaklingum sem hafna boði um þátttöku í virkniúrræðum og framfærslustyrkur verði þannig skilyrtur. Hafni einstaklingur boði um þátttöku, hvort sem um er að ræða atvinnutilboð eða tilboð um virkni, einu sinni verði fjárhagsstyrkur skertur um helming í þrjá mánuði. Hafni einstaklingur boði í annað sinn verði styrkur skertur um helming í sex mánuði. Tveir mánuðir skuli þó að lágmarki líða á milli þess sem skerðingarheimildum er beitt gagnvart hverjum einstaklingi. Þetta er í samræmi við þau ákvæði laga um að meginskylda sveitarfélaga á þessu sviði sé að skapa einstaklingum tækifæri til að framfleyta sér og sínum sjálfir, hafi þeir getu til slíks, í stað þess að vera settir í þá stöðu að vera þiggjendur samfélagslegra bóta.

Þá er jafnframt lagt til að einstaklingum á tímabundnum styrk sem bíða eftir afgreiðslu hjá TR eða VMST verði lánað fyrir þeim bótum sem beðið er eftir hjá viðkomandi stofnun í stað þess að greiða þeim framfærslustyrk á meðan bið stendur. Réttur einstaklinga sem sótt hafa um bætur eða lífeyri hjá þessum opinberu stofnunum miðast við umsóknardag. Afgreiðsla umsókna hjá VMST og TR getur hins vegar tekið töluverðan tíma, sérstaklega hjá T.R. Ekki eru greiddar út atvinnuleysisbætur eða örorku-/endurhæfingarlífeyrir fyrr en úrskurður liggur fyrir um bótarétt, sem þá er greitt afturvirkt frá umsóknardegi. Þegar úrskurður liggur fyrir um bótarétt hjá TR eða VMST eru tekjur viðkomandi einstaklings dregnar frá útgreiddum bótum eftir tilteknum viðmiðunarreglum og fellur fjárhagsstyrkur sveitarfélags þar undir sem tekjur. Sveitarfélagið er með framfærslustyrk til einstaklinga í þessari stöðu að brúa framfærslu þeirra á meðan vinnslu umsóknar stendur og skerðir útgreiddur fjárhagsstyrkur sveitarfélagsins bætur eða lífeyri þeirra einstaklinga sem hans hafa notið.

Því má segja að með ofangreindu fyrirkomulagi, þar sem fjárhagsstyrkur sveitarfélagsins dregst frá réttmætum bótum styrkþega eins og aðrar áunnar tekjur hans, sé styrkurinn eins konar niðurgreiðsla eða styrkur frá bæjarfélaginu til TR eða VMST. Með því að lána einstaklingi í þessari stöðu fyrir framfærslu sinni eru því bæði hagsmunir hans tryggðir og það að endanlegur greiðandi framfærslunnar, sé sá opinberi aðili, sem lagalega séð ber ábyrgð á henni.

Virk velferðarstefna.

Inntak þessara tillagna er í anda þeirrar virku velferðarstefnu sem einkennt hefur velferðarstefnu Norðurlanda, sérstaklega á sviði atvinnuleysistrygginga.⁵ Öll Norðurlöndin, nema Ísland, hafa sett í sína löggjöf um félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð einhvers konar skilyrði um þátttöku í virkniúrræðum. Þrátt fyrir að slík ákvæði sé ekki sérstaklega að finna í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, er þeim út frá inntaki laganna eigi að síður heimilt að ákvarða í hvaða formi fjárhagsaðstoð er veitt sbr. umfjöllun um tillögur til breytinga á reglum Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð hér síðar.

Í flestum nágrannaríkjum okkar má merkja viðleitni til þess að aðstoða og leiða einstaklinga af langtímabótum yfir í vinnu eða nám. Mette Frederiksen, atvinnumálaráðherra Danmerkur orðar þetta svo:

„Alt for mange borgere modtager kontanthjælp i årevis uden at få den rette indsats og hjælp til at komme videre og i arbejde eller uddannelse. For dem er kontanthjælp næsten blevet et livsvilkår. Det skal kontanthjælpsreformen gøre op med. Det overordnede mål med reformen er at få unge i uddannelse og flytte borgere fra kontanthjælp og ud på arbejdsmarkedet. Det er til gavn for os alle – og ikke mindst den enkelte, der får mulighed for at gøre nytte og realisere sit potentiale... Udgangspunktet er meget klart: Borgere, der kan arbejde, skal i arbejde. Og udsatte borgere, der har behov for at komme tættere på et job, skal have en bedre indsats end den, de får i dag.”⁶

Fáar rannsóknir virðast vera til um áhrif virkniúrræða og skilyrðingar fyrir bótagreiðslum. Erla Björk Sigurðardóttir hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar telur norrænar rannsóknir sem hún vísar til í fyrirlestri árið 2011 sýna að langtímaárangur sé ekki mjög mikill þar sem einstaklingar sem þátt taki í slíkum úrræðum séu óstöðugir á vinnumarkaði.⁷ Nýjar tölur um árangur af átaksverkefnum hérlendis árin 2009-2013 segja aðra sögu. Í könnun Maskínu fyrir Vinnumálastofnun sl. haust kemur fram að skilyrt átaksverkefni fyrir atvinnuleitendur hafa skilað miklum árangri. Af þátttakendum í átaksverkefninu Vinnandi vegur sem fram fór 2012 eru nú 68,1% í vinnu og að auki 4% í námi. Einungis 13,4% þeirra atvinnuleitenda sem þátt tóku í átakinu voru í atvinnuleit þegar könnunin var gerð. Af þátttakendum á meðal langtímaatvinnulausra í átaksverkefninu Liðsstyrk sem fram fór árið 2013 eru 56% í vinnu en 25,3% í atvinnuleit.⁸ Í stöðuskýrslu

⁵ Erla Björk Sigurðardóttir vísar í Nönnu Kildal um markmið virknistefnu og segir: „Full atvinna og vinnugeta eru megin markmið virknistefnu á vinnumarkaði ásamt því að fækka bótaþegum. Hún beinist að því að fækka bótaþegum með því að auka starfsgetu þeirra sem hafa skerta starfsgetu af ólíkum orsökum ásamt því að auka atvinnuþátttöku þeirra. Virknistefnu er þannig ætlað að fyrirbyggja og minnka félagslega útilokun og er því bæði fyrirbyggjandi og lausnamiðuð. Fyrirbyggjandi markmið með virkniúrræðum er að stuðla að virkni þeirra sem eru í áhættu með að verða útilokaðir frá vinnumarkaði og auka möguleika þeirra sem eru þegar útilokaðir frá vinnumarkaði.” (Sigurðardóttir E. B., Apríl 2011, bls. 3-4)

⁶ (Arbejdsmarkedstyrelsen, Juli 2013, bls. 1)

⁷ (Sigurðardóttir E. B., Apríl 2011, bls. 9)

⁸ (Maskína, Nóvember-desember 2013)

verkefnastjórnar Liðsstyrks til Félagsmálaráðherra, frá síðastliðnu hausti, segir um samspil virkra vinnumarkaðsaðgerða og þróunar atvinnuleysis hérlandis: „Af upplýsingum um þróun atvinnuleysis og þátttöku í virkum vinnumarkaðsaðgerðum má ráða að aðgerðir undanfarinna ára eigi að líkindum hvað stærstan þátt í lækkuðu atvinnuleysi hérlandis“.⁹

Erla Björk vísar einnig til evrópskra rannsókna sem sýna að sértæk úrræði bera árangur og bendir á mikilvægi þess að að þau séu sniðin að þörfum notenda.¹⁰ Þá dregur hún fram með eftirfarandi hætti stöðu langtímaatvinnuleitenda:

„Einstaklingar sem hafa verið atvinnulausir og/eða án virkni um langt skeið eiga oft við fjölþætt félagsleg- , heilsufarsleg- og annars konar vandamál að etja og þurfa því þverfaglega þjónustu við endurhæfingu og virkni. Rannsóknir hafa sýnt að þegar fólk hefur verið óvinnufært lengur en tvo mánuði dregur fljótt úr sjálfsöryggi, sjálfsbjargarviðleitni og fótfestu á vinnumarkaði sem getur orðið að vítahring. Því er afar brýnt að geta gripið fljótt inn í þennan vítahring til að fyrirbyggja að viðkomandi verði öryrki fyrir lífstíð. Félagsleg og sálræn vandamál samfara atvinnuleysi eru vel þekkt og að vandi fólks eykst, því lengur sem það er án atvinnu. Þessari stöðu fylgir oft líðan sem einkennist af skömm, sektarkennd, kvíða og þunglyndi. Félagsleg tengsl minnka og hefur neikvæð áhrif á fjölskyldulíf“

Leitast hefur verið við að miða verkefnið við reynslu af skilyrtum átaksverkefnum fyrir atvinnuleitendur hérlandis og umræðu í nágrannalöndum. Tillögurnar fela efnislega í sér eftirfarandi þætti:

1. Aukna virkni og tækifæri notenda til sjálfsbjargar og uppbyggingar.
2. Einstaklingsmiðaða þjónustu byggða á faglegu mati þar sem úrræði eru sniðið að þörfum og hagsmunum hvers og eins.
3. Tæki fyrir starfsmenn Fjölskylduþjónustu til að fyrirbyggja sjálfvalið atvinnuleysi og misnotkun á almannafé.¹¹
4. Valdeflingu notenda¹²

⁹ (Verkefnastjórn Liðsstyrks, 2013, bls. 5)

¹⁰ (Sigurðardóttir E. B., Apríl 2011, bls. 6)

¹¹ Erla Björg telur norrænar rannsóknir sýna þetta og bendir á að aukinni kröfu um þátttöku í virkniúrræðum sé m.a. ætlað að koma til skila almennu vinnusiðferði til atvinnulausra borgara sem nýta félagsþjónustu sveitarfélaga. (Sigurðardóttir E. B., Apríl 2011, bls. 6)

¹² Erla Björk vísar í Payne(2005) varðandi skilgreiningu á valdeflingu sem „stuðningur við skjólastæðinga þannig að þeir öðlist hæfni til ákvarðanatöku um eigið líf. Miðað er að því að viðkomandi einstaklingur lágmarki persónulegar og félagslegar hindranir og auki þannig getu sína og sjálfstraust til að nýta eigið vald“ (Sigurðardóttir E. B., Apríl 2011, bls. 7-8)

Fjárhagsáætlun

Þau 100 hlutastörf sem áætlað er að ráða í vegna átaksverkefnisins koma til með að mynda kostnaðarauka fyrir bæinn. Gert er ráð fyrir að greiddur styrkur jafngildi ríflega fullri framfærslu upp í kjarasamningsbundin laun óháð framfærslugrunni þess sem ráðinn er. Þar á móti koma nokkrir þættir til lækkunar útgjalda í málaflokknum samfara aðgerðum sem lýst er í kaflanum Tillögur til breytinga.

Til að áætla áhrif breytinga á útgjöld bæjarins er sá hópur sem er á framfærslustyrk í dag greindur og meðalframfærsla reiknuð út fyrir hvern hluta hans sérstaklega. Að auki er einnig gerð grein fyrir þeim hóp sem er á tímabundum styrk meðan beðið er eftir úrræðum VMST og TR (hér eftir kallaður biðhópur).

Skipting þeirra sem fá framfærslustyrk í mismunandi flokka(kvarða) og útgreiddar upphæðir fyrir hvern hóp eru ekki skráðar inn í fjárhagskerfi bæjarins. Til að sundurgreina þann kostnað var sú leið farin að ráðgjafar Fjölskylduþjónustunnar opnuðu í upplýsingakerfi sínu hvert einstakt mál í janúar 2014 og skráðu einstaklingsbundnar upplýsingar um greiðslur, búsetuform, tímabundna styrki, og hlutfall framfærslugrunns. Út frá þessum upplýsingum voru rauntölur kostnaðar mánaðarins reiknaðar og síðan yfirfærðar á allt árið 2014 til að áætla kostnað þess.

Undanfarin ár hefur tilhneigingin verið sú að framfærslustyrkur í janúar hefur verið undir meðaltali ársins. Sá fyrirvari er því settur við ofangreinda nálgun að með því að miða við janúar 2014 sem að öllum líkindum verður undir meðaltali ársins, er ekki gert ráð fyrir fyrirséðri fjölgun innan þess.

Grunnupphæð framfærslustyrks fyrir einstakling er kr. 154.384.- árið 2014. Þessi framfærslugrunnur vegna einstaklings 18 ára og eldri hefur kvarðann 1. Sameiginlegur framfærslugrunnur vegna hjóna og fólks í sambúð hefur kvarðann 1,6 og einstaklingar sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum hafa kvarðann 0,5. Ekki fá allir greitt fullan grunn (kvarða) þar sem tekjur eru dregnar frá grunnframfærslu s.s. vegna hlutastarfs, atvinnuleysisbóta eða lífeyrisgreiðslna frá TR. Meðalframfærslustyrkur allra 247 sem fengu framfærslustyrk í janúar 2014 var 116.433 kr. en þeir 211 sem ekki voru í biðhóp í janúar 2014 fengu hærri framfærslu að meðaltali, eða 119.408 kr. eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1: Framfærslustyrkur janúar 2014. Hlutfallsleg skipting og áætlaður árskostnaður 2014.

Framfærslugrunnur	Fjöldi	%	Bið	Meðalframfærsla	Kostnaður í janúar	Árskostnaður
Framfærslugrunnur kvarði 1	100	40,5%	12	144.822 kr.	14.482.200 kr.	173.786.400 kr.
1/2 Hjóna og samb.grunnur	70	28,3%	6	127.707 kr.	8.939.490 kr.	107.273.880 kr.
1/2 grunnur í foreldrahúsum	35	14,2%	6	72.627 kr.	2.541.945 kr.	30.503.340 kr.
1/2 grunnur, annað	20	8,1%	12	76.129 kr.	1.522.580 kr.	18.270.960 kr.
1/2 grunnur, VMST	12	4,9%	0	63.674 kr.	764.088 kr.	9.169.056 kr.
Annað óskilgreint	10	4,0%	0	50.873 kr.	508.730 kr.	6.104.760 kr.
Samtals	247	100%	36	116.433	28.759.033 kr.	345.108.396 kr.

Hópar	Fjöldi	%	Meðalframfærsla	Kostnaður í janúar	Árskostnaður
Einstaklingar í biðhóp	36	14,6%	99.000 kr.	3.564.000 kr.	42.747.856 kr.
Aðrir	211	85,4%	119.408 kr.	25.195.088 kr.	302.342.056 kr.

Aðgerðir til hækkunar

Til að áætla kostnaðarauka við hvert starf sem skapað verður, er miðað við meðalframfærslu allra þeirra sem fengu framfærslustyrk í janúar 2014, að undanskildum einstaklingum í biðhóp, og sú fjárhæð dregin frá reiknuðum kostnaði vegna launa sem gert er ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær greiði með hverju nýju starfi. Sú tala er síðan margfölduð með 100 störfum í 6 mánuði til að áætla heildarkostnað við átakið.

Almennt er gert ráð fyrir að ráðningarlutfall þessara einstaklinga verði 66% innan verkefnisins, sem skili þeim að meðaltali 165 þ.kr. í laun¹³. Þar ofan á bætast launatengd gjöld, sem miðað er við að séu 37%, en framfærslustyrkurinn ber engin slík gjöld.

Meðalframfærslustyrkur þeirra sem ekki eru á biðstyrk er 119.408 kr. á mánuði en áætlaður kostnaður Hafnarfjarðarbæjar við hvert starf er 165.000 kr., auk launatengdra gjalda. Áætlaður meðalkostnaðarauki við hvert starf er því 106.642 kr. á mánuði, sbr. töflu 2. Í heildina er útgjaldaaukning vegna þessa árið 2014 áætluð tæpar 64 m.kr, sbr. töflu 3.

Tafla 2: Áætlaður kostnaðarauki á mánuði við hvert starf í átaksverkefni.

Kostnaðarliður	66% starf	Meðalframfærsla	Mismunur
Grunnkostnaður	165.000 kr.	119.408 kr.	45.592 kr.
Launatengd gjöld 37%	61.050 kr.	0 kr.	61.050 kr.
Samtals:	226.050 kr.	119.408 kr.	106.642 kr.

Tafla 3: Áætlaður kostnaðarauki árið 2014 miðað við 100 störf í 6 mánuði.

Kostnaðarliður	Kostnaðarauki við hvert starf	Fjöldi starfa	Fjöldi mánaða	Ársaukning 2014
Grunnkostnaður	45.592 kr.	100	6	27.355.200 kr.
Launatengd gjöld	61.050 kr.	100	6	36.630.000 kr.
Samtals:	106.642 kr.			63.985.200 kr.

Ekki er hér reiknaður kostnaðarauki Fjölskylduþjónustu við trúnaðarlækni eða aukið starfsmannahald vegna þessa verkefnis.

Aðgerðir til lækkunar

Nokkrir þættir koma til lækkunar útgjalda samfara aðgerðum átaksverkefnis. Fyrst má nefna að reynsla fyrri sambærilegra verkefna, s.s. Liðsstyrks¹⁴ átaki aðila vinnumarkaðarins og VMST, hefur sýnt að ákveðið brottfall verður við það eitt að einstaklingi sé boðin þátttaka í slíku verkefni. Í Liðsstyrk var brottfallið mjög hátt eða um 40%. Þar sem hópurinn sem hér er unnið með er að einhverjum hluta búinn að fara í gegn um slík verkefni, þykir rétt að áætla varlega og gera ráð fyrir **15%** brottfalli. Reiknað er með að verkefnið hefjist 3. apríl og þessi áhrif verði komin fram að fullu á þriðja mánuði og nái þannig til 7 mánaða af árinu 2014.

Til að áætla kostnaðarlækkun vegna þessa er miðað við heildarfjölda þeirra sem fengu framfærslustyrk árið 2013, áætlað hlutfall virkni- og vinnufærra og meðalframfærslu í janúar 2014.

¹³ Miðað við fullt starf er gert er ráð fyrir að heildarlaun miðað við 100% starf séu að meðaltali 250 þ.kr. á mánuði og er það áætlað út frá gildandi kjarasamningum og launatöflum Hafnarfjarðarbæjar.

¹⁴ Liðsstyrkur: Átaksverkefni VMST og aðila vinnumarkaðarins sem hafði það að markmiði að virkja atvinnuleitendur, sem höfðu fullnýtt eða mundu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði.

Árið 2013 fengu 637 einstaklingar framfærslustyrk hjá Hafnarfjarðarbæ. Miðað við hlutfall biðhóps í janúar 2014, sem var 14,6%, má áætla að þar af hafi 93 einstaklingar fengið biðstyrk. Samkvæmt því hafi 544 einstaklingar fengið framfærslustyrk árið 2013 að undanskildum þeim sem voru í biðhóp.

Áætlað er að 70% þeirra séu annað hvort vinnu- eða virknifærir¹⁵.

Sé miðað við að engin fjölgun verði á heildarfjölda einstaklinga sem fá framfærslustyrk milli áranna 2013 og 2014, 70% þeirra séu vinnu- eða virknifærir, meðalframfærsla sé 119.408 kr. og brottfall vegna kröfu um þátttöku verði 15% myndast kostnaðarlækkun upp á 47,6 m.kr, sbr. töflu 4. Þannig er samkvæmt þessu reiknað með að 57 einstaklingar í heildina komi aldrei á skrá eða hverfi af framfærslustyrk vegna kröfu um vinnu eða virkni.

Tafla 4: Áætluð kostnaðarlækkun vegna brottfalls við kröfu um vinnu/virkni

Aðgerð til lækkunar	Fjöldi	Mánuðir	Meðalframfærsla	Árslækkun 2014
15% brottfall við kröfu um vinnu/virkni	57	7	119.408 kr.	47.643.792 kr.

Að auki kemur til með að myndast kostnaðarlækkun vegna skerðinga út af höfnun á boði um vinnu /virkni, ef skerðingarheimildir verða rýmkaðar eins og lýst er í kaflanum Tillögur til breytinga. Hér er litið til þess að 544 einstaklingar fengu framfærslustyrk árið 2013 að undanskildum þeim sem voru á tímabundnum styrk. Sé gengið út frá að engin fjölgun verði milli ára, 70% séu virkni- eða vinnufærir, meðalframfærsla sé 119.408 kr. og 10% vinnufærra verði fyrir 50% skerðingu á framfærslustyrk í 3 mánuði vegna höfnunar á þátttöku í úrræðum skapar það kostnaðarlækkun upp á 6,8 m.kr. miðað við gefnar forsendur, sbr. töflu 5.

Tafla 5: Áætluð kostnaðarlækkun vegna skerðinga hjá 10% allra virkni- og vinnufærra sem hafna boði um vinnu eða virkni.

Aðgerð til lækkunar	Fjöldi	Mánuðir	Meðalframfærsla	Skerðing framfærslu	Árslækkun 2014
Lækkun vegna skerðinga hjá 10%	38	3	119.408 kr.	50%	6.806.256 kr.

Þá er gert ráð fyrir lækkun útgjalda vegna lánaleiðar sem þeim einstaklingum sem eru á tímabundnum styrk í biðhóp verður beint í eins og lýst er í kaflanum Tillögur til breytinga hér framar. Í janúar voru 36 einstaklingar á tímabundnum styrk, meðalframfærsla þeirra var 99.000 kr. og heildarkostnaður tæpar 3,6 m.kr. Reiknað er með að lánaleiðin komi til framkvæmda 3. apríl og því megi gera ráð fyrir henni á 9 mánuðum ársins 2014. Eins og sjá má í töflu 6 skilar það um 25,7 m.kr. lækkun útgjalda á árinu 2014 miðað við gefnar forsendur. Inn í þeim tölum er gert ráð fyrir 20% afföllum við innheimtu lánanna.

Tafla 6: Áætluð kostnaðarlækkun vegna lánaleiðar í stað tímabundinna styrkja.

Aðgerð til lækkunar	Fjöldi	Meðalframfærsla	Kostnaður janúar 2014	Afföll	Mánuðir	Árslækkun 2014
Lánaleið	36	99.000 kr.	3.564.000 kr.	20%	9	25.660.800 kr.

¹⁵ Samkvæmt upplýsingum frá Reykjanesbæ telur bærinn að um 70% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð séu vinnufærir. Hér er það hlutfall notað en einnig gert ráð fyrir óvinnufærum sem eru virknifærir inn í þeirri tölu.

Niðurstaða um fjárhagsleg áhrif tillagna

Áætlaður kostnaður við sköpun starfa er tæpar 64 m.kr. Áætluð lækkun kostnaðar vegna aðgerða samhliða átaksverkefni er 80,1 m.kr. Áætluð nettó lækkun yfir árið miðað við gefnar forsendur er 16,1 m.kr. eins og sjá má í töflu 7.

Tafla 7: Niðurstaða um fjárhagsleg áhrif tillagna.

Aðgerðir til hækkunar	Hlutastarf	Framfærsla	Mismunur	Fjöldi	Mánuðir	Útgjaldaaukning
Grunnkostnaður	165.000 kr.	119.408 kr.	45.592 kr.	100	6	27.355.200 kr.
Launatengd gjöld 37%	61.050 kr.	0 kr.	61.050 kr.	100	6	36.630.000 kr.
Samtals:	226.050 kr.	119.408 kr.	106.642 kr.	100	6	63.985.200 kr.

Aðgerðir til lækkunar	Fjöldi	Afskriftir	Mánuðir	Meðalframfærsla	Árslækkun 2014
Lánaleið	36	20%	9	99.000 kr.	25.660.800 kr.
15% brottfall við kröfu um vinnu/virkni	57		7	119.408 kr.	47.643.792 kr.
Lækkun vegna skerðinga hjá 10%	38		3	119.408 kr.	6.806.256 kr.
Samtals:					80.110.848 kr.

Nettó lækkun yfir árið	16.125.648 kr.
-------------------------------	-----------------------

Ítrekað skal að tilgangur þessara tillagna var ekki skilgreindur sá að ná fram sparnaði, heldur að nýta betur það fjármagn sem varið er til fjárhagsaðstoðar notendum og samfélaginu til hagsbóta. Lækkunaráhrif verkefnisins eru vandmetin og skiptir til að mynda máli hve brottfall verður hátt. Hér er, eins og að framan greinir, miðað við 15% brottfall með vísan til fyrri átaksverkefna á sviði vinnumarkaðsmála. Ástæður fyrir brottfalli eru væntanlega margvíslegar sem erfitt er að meta tölfraðilega. Í þeim efnum má m.a. benda á svarta atvinnustarfsemi og bótasvik sem verkefnið mun vinna gegn.

Þá er eins og áður sagði ekki reiknaður hér inn aukinn kostnaður vegna rekstrar Fjölskyldusviðs, s.s. vegna trúnaðarlæknis.

Í ofangreindum útreikningum er ekki reiknaður fjárhagslegur ábati af langtímaáhrifum þeirra aðgerða sem lagðar eru til með verkefninu. Þar er fyrst og fremst um að ræða einstaklings- og samfélagslegan ávinning sem verður með því að aðstoða einstaklinga út á vinnumarkaðinn sem ella myndu í mörgum tilfellum fara af framfærslu sveitarfélagsins á örorku og með því í flestum tilfellum hverfa varanlega af vinnumarkaði. Með slíku færi samfélagið á mis við þann mannauð sem þessi hópur býr yfir til atvinnu- og arðsköpunar fyrir samfélagið, en myndi í stað þess standa frammi fyrir gríðarlegum kostnaðarauka við bótagreiðslur til viðkomandi einstaklinga út þeirra starfsævi.

Þá er heldur ekki gert ráð fyrir þeim fjárhagslega sparnaði sem myndast við ávinnslu bótaréttar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hjá þeim einstaklingum sem fara í launuð störf innan verkefnisins en koma aftur á fjárhagsstyrk að því loknu, enda miðar verkefnið að því að þeir verði sem fæstir.

Aðgerðaáætlun

Eftirfarandi markmið eru sett fram varðandi framkvæmd verkefnisins:

- 1) Að ráðið verði í 100 störf í Hafnarfirði innan verkefnisins á árinu 2014, þar af 70 í apríl og maí.
Hér er lagt til að verkefnið verði eins frampungt og mögulegt er, bæði hvað varðar aðgengi að árstíðabundum störfum, sem og að ná fram áhrifum verkefnisins sem fyrst.
- 2) Að sköpuð verði 150 störf í Hafnarfirði á árinu 2014 innan verkefnisins, þar af 100 í mars og apríl.
Ljóst er að til að ná settum markmiðum um 100 ráðningar þurfa störf í boði að vera umtalsvert fleiri. Til samanburðar má nefna að Liðsstyrkur skilaði á landsvísu ríflega 1.000 ráðningum úr rúmlega 2.000 störfum sem boðin voru. Mörg störf gera skilgreindar kröfur, sem ekki er víst að eigi við neinn þeirra einstaklinga sem taka þátt í átakinu. Hér er því lagt til að stefnt verði að 150 störfum og að leitast verði við að ná þeim sem fyrst í miðlun, þar sem árstíðabundin störf skapast oft á vorin og því ætti að vera hægara um vik hvað sköpun starfa varðar á þessum árstíma.
- 3) Að notendum fjárhagsstyrks fækki um 35% vegna verkefnisins. Sérstök áhersla verði á þjónustu við ungt fólk, 18-24 ára, sem fækki um 40%, en stefnt verði að 30% fækkun annarra.
Hér er leitast við að setja fram markmið um fækkun einstaklinga á fjárhagsstyrk. Gert er ráð fyrir að um 250 einstaklingar hverfi af fjárhagsstyrk og fái þess í stað vinnu, lán(biðhópur), eða kjósi að nýta sér ekki þjónustu bæjarins vegna kröfu um vinnu eða virkni.¹⁶
- 4) Að kostnaður Hafnarfjarðarbæjar vegna fjárhagsaðstoðar aukist ekki á árinu 2014 miðað við árið á undan.

16

Fjöldi einstaklinga á framfærslustyrk. Áætluð áhrif:

Fjöldi á framfærslustyrk allt árið 2013	637
þar af í biðhóp sem fær lán	93
Fjöldi án biðhóps	544
Ekki virknikrafa 30%	163
Fjöldi með virknikröfu	381
Brotthvarf 15% vegna skilyrðingar	57
Virkir notendur	324
Ráðningar	100
Styrkur með virkni	224
Fækkun á framfærslustyrk	250
Hlutfallsleg fækkun	39%

Gerðar eru tillögur að því að framkvæmd verkefnisins feli í sér neðangreinda þætti¹⁷:

- 1) Formleg umfjöllun og afgreiðsla tillagna.
Tillögur þessar verði lagðar fyrir fjölskylduráð 12. mars 2014 og bæjarstjórn 19. mars 2014.
- 2) Kynning á tillögum meðal starfsfólks og stjórnenda.
Verkefnið verði kynnt ítarlega meðal starfsmanna bæjarins í kjölfar fundar fjölskylduráðs.
- 3) Kynning á verkefninu meðal bæjarbúa og fyrirtækja í bænum.
Send verði út fréttatilkynning og kynningarefni á fjölmiðla samhliða afgreiðslu fjölskylduráðs.
Því verði svo fylgt eftir með því að senda kynningarbækling á öll fyrirtæki í bænum samhliða afgreiðslu bæjarstjórnar.
- 4) Innleiðing á skipulagsbreytingum á starfsemi fjölskyldusviðs, aðlögun verkefnisins að upplýsingakerfum og starfsemi annarra sviða bæjarins sem verði lokið fyrir 3. apríl 2014.
- 5) Sköpun starfa og skráning í starfabanka.
Verði undirbúið í mars og hefjist af fullum krafti í apríl.
- 6) Ráðgjöf og miðlun í vinnu og virkni.
Hefjist í lok mars og áhersla verði lögð á að þjónusta einstaklinga með ráðgjöf og vinnumiðlun í apríl og maí.
- 7) Mat og úttektir.
Gæðavísar séu uppfærðir vikulega eða mánaðarlega eftir verkþáttum. Í lok fyrstu viku hvers mánaðar verði starfsmannafundur með öllum þeim sem að verkefninu koma þar sem farið verði yfir tölfræði gæðavísa fyrir mánuðinn á undan og framgang verkefnisins. Fundargerð verði ávallt send fjölskylduráði og bæjarstjóra með tillögum til breytinga á inntaki eða framkvæmd ef þurfa þyki. Viðhorfskönnun verði lög fyrir alla fá þjónustu innan verkefnisins í ágúst sem og alla þá stjórnendur og atvinnurekendur sem ráðið hafa einstaklinga innan þess.

¹⁷ Um inntak og efni þessara þátta vísast til umfjöllunar um tillögurnar sjálfar efnislega í köflunum: Tillögur til breytinga, Tillögur til breytinga á reglum bæjarins um fjárhagsaðstoð og Tillögur að gæðamati og úttektum.

Tímasetningar og ábyrgð á framkvæmd:

Lagt er til að sérstök verkefnastjórn beri heildarábyrgð á framkvæmd verkefnisins sem fundi vikulega í mars, apríl og fram í maí, en hálfsmánaðarlega þaðan í frá. Hana skipi fulltrúi frá Ráðgjöf og verkefnastjórnun, Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri Fjölskyldupjónustu, Kristján Sturluson sviðsstjóri Stjórnsýslu ásamt fulltrúa starfsfólks Fjölskyldupjónustu og Atvinnumiðstöðvar.

Verkpáttur	Ábyrgð	Tímalína								
		10-14.03	17-21.03	24.3.-28.3	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept-des
Formleg umfjöllun og afgreiðsla tillagna	Bæjarstjóri og formaður fjölskylduráðs	Fjölskyldu-ráð	Bæjar-stjórn							
Kynning	Kynningarfulltrúi og RV	Frétta-tilkynning Kynning meðal starfs-manna og stjórnenda		Bæklingi dreift til fyrirtækja						
Innleiðing og samhæfing sviða	Forstöðumenn Fjölskyldu-pjónustu og stjórnsýslu Verkefnastjórn									
Sköpun starfa	Bæjarstjóri og verkefnastjórn									
Ráðgjöf og miðlun	Forstöðumaður fjölskyldusviðs									
Mat og úttektir	RV				Mats-fundur	Mats-fundur	Mats-fundur		Mats-fundur Viðhorfs-könnun	Mats-fundur

Mynd 9: Tímasetningar og ábyrgð á framkvæmd.

Tillögur til breytinga á reglum um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum er fjallað um skyldu sveitarfélaga til framfærsluaðstoðar. Kveðið er á um þessi mál í 1. gr. um markmið félagsþjónustu almennt, í 12. gr. um framfærsluskyldu sveitarfélaga og í 19. gr. um skyldur einstaklinga til eigin framfærslu. Í 22. gr. er kveðið á um form aðstoðar.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/1991 voru forsendur ofangreindra lagaákvæða skilgreinar með þessum hætti:

„Enda þótt frumvarp þetta mæli fyrir um margvíslegar skyldur sveitarfélaga til að tryggja félagslega velferð einstaklinga verður að leggja áherslu á það grundvallaratriði að einstaklingum er engu að síður ætlað að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínum. Þetta kemur skýrt fram í markmiðslýsingu frumvarpsins svo og einstökum köflum þess þar sem kveðið er á um tiltekna aðstoð, t.d. fjárhagsaðstoð... Þannig er kveðið á um „að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum“ í markmiðslýsingu frumvarpsins, jafnframt því sem markmið félagsþjónustunnar er að „virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.“ Því ber ekki að líta svo á að einstök ákvæði í frumvarpi þessu feli í sér opinbera forsjá á málum einstaklinga eða hópa heldur hið gagnstæða. Í því felst að stuðlað skuli að því að einstaklingnum verði skapað það öryggi og þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að hann fái lifað og dafnað með eðlilegum hætti í samfélagi við aðra.“

Það er því ljóst að andi laganna er fyrst og síðast sú skylda sveitarfélags að aðstoða einstakling sem ekki getur framfleytt sér og sínum til sjálfsbjargar eins og áréttað er síðar í greinargerðinni með skýrum hætti:

„Í frumvarpinu er lögð áhersla á hjálp til sjálfshjálpar þannig að veitt aðstoð og þjónusta hafi það að markmiði að einstaklingurinn verði sjálfbjarga og fær um að lifa sem eðlilegustu lífi. Þessi endurhæfingar- eða hæfingarsjónarmið skulu því höfð í hávegum í sambandi við veitta aðstoð hvort sem hún er fólgin í ráðgjöf, fjárhagsaðstoð eða útvegum atvinnu.“

ÚR LÖGUM UM FÉLAGS- ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA

Úr 1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skal það m.a. gert með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

12. gr.

Sveitarfélag skal veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

Skilgreina má því slíka hjálp til sjálfshjálpar sem frumskyldu sveitarfélagsins gagnvart þeim íbúum sem ekki geta framfleytt sér og sínum, en í þeim tilfellum sem slík aðstoð er ekki möguleg, út frá aðstæðum sveitarfélagsins eða einstaklingsins, kemur til fjárstyrkur eða lán skv. 22. gr. laganna, sem þannig má líta á sem lokaúrræði ef aðrar leiðir eru ófærar.

Þessi skylda sveitarfélagsins er afmörkuð nánar í greinargerðinni með eftirfarandi hætti hvað varðar frelsi sveitarfélaga til að útfæra aðstoð með þeim hætti sem hentar aðstæðum á hverjum stað:

„Þrátt fyrir ofangreinda ábyrgð sveitarfélaga eru skyldur þeirra þó ekki svo afdráttarlausar að einstaklingur eigi skilyrðislausan og tafarlausan rétt til tiltekinna þjónustu eða aðstoðar.... Sá réttur, sem íbúum sveitarfélaga er tryggður samkvæmt frumvarpinu, er almenns eðlis í samræmi við skyldur þær sem lagt er til í frumvarpinu að sveitarfélögin beri. Útfærsla réttarins í einstökum tilfellum hvílir á herðum hvers sveitarfélags miðað við aðstæður hvers umsækjanda fyrir sig.“

Í athugasemdum greinargerðarinnar um 1. gr. sem kveður á um markmiðssetningu laganna eru ofangreind sjónarmið áréttuð enn frekar með eftirfarandi hætti:

„Aðalmarkmið allrar félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa á grundvelli samhjálp. Hér er viðurkennt að samfélagið hafi skyldur við einstaklinginn og þurfi að grípa til ráðstafana til að tryggja afkomu hans þannig að grundvallarþörfum í efnahagslegu og félagslegu tilliti sé fullnægt. Aðgerðir samfélagsins í þessa veru geta verið á ýmsa lund en áhersla er á það lögð að velferðarsjónarmið sitji í fyrirrúmi. Hér er átt við að komið sé til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og hópa þannig að leitast sé við að stuðla að jöfnuði og bættum lífsgæðum svo þeir megi lifa eðlilegu lífi...Opinber félagsþjónusta má ekki verða til þess að deyfa tilfinninguna fyrir ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum...Jafnframt er lögð áhersla á aðstoð sem fólgin er í hjálp til sjálfshjálpar, þ.e. að einstaklingurinn verði fær um að stjórna málum sínum sjálfur en verði ekki háður aðstoðinni. „

Í skýringum greinargerðarinnar um ákvæði 12. gr. varðandi framfærsluskilyldu sveitarfélags segir enn fremur:

„Skyldur sveitarfélaga miðast annars vegar við að veita þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og hins vegar að tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og fjölskyldum sínum...Löggö er áhersla á það að

ÚR LÖGUM UM FÉLAGS- ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA

22. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

aðstoð skuli annars vegar vera til þess að bæta úr vanda og hins vegar sem liður í almennum eða einstaklingsbundnum varnaðaraðgerðum. Í 3. mgr. er lögð áhersla á að jöfnum höndum séu hafðir í huga almannahagsmunir og velferð þess sem þjónustuna fær. Oftast fara þessir hagsmunir saman þegar til lengri tíma er litið.,,

Þá er rétt að geta þess að greinargerðin ítrekar þau sjónarmið jafnframt að aðstoð skuli veitt í samráði við þann sem hennar nýtur, sbr. eftirfarandi:

„Í frumvarpinu er lögð höfuðáhersla á samstarf við íbúa og þjónustu við þá sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti þeirra sem þjónustunnar njóta. Í því sambandi er lögð áhersla á að þjónustan verði sem aðgengilegust og án þvingunaraðgerða að svo miklu leyti sem unnt þykir.“

Ljóst má því vera að lögin skylda sveitarfélög til þess að aðstoða þá íbúa sem ekki geta framfleytt sér til framfærslu og skal aðstoðin hafa það meginmarkmið að gera þeim sem slíkrar aðstoðar nýtur, kleift að framfleyta sér sjálfur. Segja má að sveitarfélög almennt, hafi í of litlum mæli sinnt þessari skyldu sinni, heldur í flestum tilfellum látið beinan fjárhagsstuðning duga. Slíkt ætti skv. því sem að ofan greinir ekki að vera meginreglan, heldur undantekning.

Í því ljósi, og út frá markmiðum verkefnisins er sú tillaga gerð að reglum Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð verði breytt með eftirfarandi hætti:

1. Framfærsluaðstoð verði að meginstefnu til veitt í formi vinnu eða virkniúrræða. Framfærsluaðstoð í formi framfærslustyrks, án skilyrða, verði þannig einungis veitt að undangengnu faglegu mati starfsfólks Fjölskylduþjónustu í þeim tilfellum þar sem vinna eða virkniúrræði eru ekki talin gagnast viðkomandi.
2. Með ofangreindu er bærinn að sinna sínum skyldum samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Því verði framfærslustyrkur til þeirra sem hafna tilboði um framfærsluaðstoð í formi vinnu eða virkniúrræða, skertur um helming tímabundið til þriggja mánaða. Við ítrekaðar hafnanir á tilboði um vinnu eða virkni, verði framfærslustyrkur skertur til sex mánaða að undangengnu a.m.k. tveggja mánaða umþóttunartímabliði.
3. Í þeim tilfellum þar sem umsækjandi um framfærsluaðstoð bíður eftir afgreiðslu hjá öðrum opinberum aðilum sem bera lagalega ábyrgð á framfærslu viðkomandi, hvort sem um er að ræða atvinnuleysisbætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði eða lífeyri frá TR, skal aðstoð vera í formi láns samkvæmt skilmálum bæjarins í stað styrks.
4. Almennt verði kallað eftir þinglýstum leigusamningum eða heimildum um eigið húsnæði. Eðlilegt er að umsækjendur sem hafa kostnað af framfærslu vegna húsnæðis, sýni fram á gögn slíku til staðfestu þar sem hæpið er fyrir bæjarfélagið að viðurkenna kostnað sem byggir á samningum sem ekki eru löglega fram settir og greiddir eru af skattar og önnur opinber gjöld. Þessi krafa skapar einnig aðhald með þeirri reglu að einstaklingar í foreldrahúsum sem ekki bera þennan kostnað, fái greidda hálfan kvarða í framfærslustyrk.


Ákvarðanir um fjárhagsaðstoð byggja ævinlega á faglegu mati matsteymis Fjölskylduþjónustu, en fyrirbyggjandi tillögur gera ráð fyrir að grundvöllur matsins sé styrktur til muna og ferlið formgert með aðgreiningu á matsteymi og úrræðateymi.

Lykilatriði í nýju fyrirkomulagi er að úrræðateymi geti beitt vinnufærnimati. Mikilvægt er að bæjarstjórn setji teyminu erindisbréf þar sem skýrt kemur fram að teymið hafi umboð til þess að leggja vinnutengd sjónarmið til grundvallar aðstoð sem veitt er. Fyrst og fremst ætti að vísa til þess að umboðið sé veitt skv. lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samstarf við VMST (sem fer með heimildir skv. lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir) er viðhaft til þess að stuðla að því að úrræði gagnist notendum en úrræði sem teymið beinir fólki í teljast hvorki til vinnumarkaðsaðgerða né úrræða í skilningi laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Nauðsynlegt er að hafa mjög skýrt í huga að þær ákvarðanir sem hér um ræðir teljast til stjórnvaldsákvarðana og því ber að framfylgja stjórnsýslulögum, m.a. varðandi andmælarétt notanda. Allt skráð verklag félagsþjónustunnar verður að vera afar skýrt um slík atriði.

Þær tillögur sem hér eru fram settar eru mótaðar skv. meðalhófsreglu. Þá eru heimildargreiðslur¹⁸ einnig inni í myndinni sem geta mildað áhrif ákvarðana. Flokkun úrræða (tilboð um vinnu, virkniúrræði, fjárhagsstuðningur) á sér stoð í markmiðum heimildarlaganna sbr. að ofan. Af því leiðir að fyrirkomulagið mætir kröfum um jafnræði og samræmi. Þá felur fyrirkomulagið hvorki í sér beina eða óbeina mismunun.

Samkvæmt tillögunum getur fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar verið veitt í formi tilboða um vinnu, önnur virkniúrræði eða framfærslustyrk, sbr. mynd 10. Hvaða tilboð einstaklingur fær, ræðst af mati matsteymis Fjölskylduþjónustu á þörfum hans, getu og hagsmunum. Þá geta heimildargreiðslur komið til álita og mildað áhrif ákvarðana.



Mynd 10: Fjárhagsaðstoð. Form úrræða.

¹⁸ Kveðið er á um heimildargreiðslur í IV kafla reglna um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ. Þar er fjallað um heimildir Fjölskyldusviðs til stuðnings við notendur vegna sérstakra aðstæðna. Slíkar greiðslur geta í einstökum tilfellum, dregið úr áhrifum skerðinga þegar tilboði um vinnu eða virkni er hafnað, séu talin rök til slíks.

Út frá þessu er gerð tillaga um eftirfarandi breytingar á reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjárhagsaðstoð sem samþykktar voru í bæjarstjórn hinn 9. febrúar 2011 með áorðnum breytingum frá 22. janúar 2014.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. málsgrein svohljóðandi:

Fjárhagsaðstoð er veitt á formi framfærslustuðnings eða tilboðs um starf eða virkniúrræði. Tilgangur aðstoðar er að:

1. Styðja einstaklinga sem aðstoðar njóta til sjálfsbjargar.
2. Gera þeim kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar.
3. Stuðla að valdeflingu þeirra.

2. grein hljóði svo:

2. gr.

Framfærsluskylda og fjárhagsaðstoð

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hún hugsuð sem stuðningur við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Greinin hljóðar nú svo:

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. grein hljóði svo:

3. gr.

Fjárhagsaðstoð og heimild til lækkunar á framfærslustyrk

Sé umsækjandi vinnufær skal fjárhagsaðstoð alla jafna veitt sem tilboð um tímabundið launað starf eða virkniúrræði samhliða fjárhagsstyrk. Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi tilboðs um tímabundið starf, skulu kjarasamningsbundin laun að teknu tilliti til starfshlutfalls aldrei vera lægri en grunnframfærsla skv. 11. gr reglna þessara.

Hafni umsækjandi atvinnu eða virkni, eða hafi sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks hans skv. 11. gr. þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og tvo mánuði þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar minnisblaði atvinnuleitanda án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Að loknu allt að þriggja mánaða skerðingartímabili skv. 2. mgr. er heimilt að bjóða einstaklingi starf eða virkniúrræði á ný þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því skerðingartímabili lauk. Hafni einstaklingur starfi eða úrræði á ný, er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks með sama hætti þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og fimm mánuði þar á eftir.

Greinin hljóðar nú svo:

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða honum allt að hálfri grunnupphæð framfærsluaðstoðar skv. 11. gr. reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar minnisblaði atvinnuleitanda án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

5. gr. hljóði svo:

5. gr.

Form framfærslustuðnings

Framfærslustuðningur er ýmist veittur í formi styrkja eða lána. Stuðningur skal einungis veittur sem lán þegar könnun á aðstæðum umsækjanda með tilliti til eigna og framtíðartekna leiðir í ljós að hann muni fær um að endurgreiða lánið eða ef um er að ræða að umsækjandi bíði afgreiðslu á bótum eða lífeyri frá öðrum opinberum aðilum sem hann á rétt til, svo sem frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysisstryggingasjóði eða lífeyrissjóðum. Skal að öllu jöfnu gerður samningur um lánið með aðkomu lánastofnunar.

Við endurkröfu [ath. endurgreiðslu] lánsins skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem ætla má að hafi ekki lánstraust hjá lánastofnunum.

Greinin hljóðar nú svo:

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er ýmist veitt í formi styrkja eða lána. Fjárhagsaðstoð skal einungis veitt sem lán þegar könnun á aðstæðum umsækjanda með tilliti til eigna og framtíðartekna leiðir í ljós að hann muni fær um að endurgreiða lánið. Við endurkröfu lána skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem ætla má að hafi ekki lánstraust hjá lánastofnunum.

Samþykkt lán sem ekki hefur verið sótt innan tveggja vikna fellur niður.

11. gr hljóði svo:

11. gr.

Grunnfjárhæð framfærslustyrks

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og breytist 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu neysluverðs. Grunnfjárhæð fyrir einstakling er 154.384,- kr. Framfærslugrunnur vegna einstaklings 18 ára og eldri er 1, en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6 og 0,5 vegna einstaklinga sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum njóti þeir sannanlega hagræðis af sambúðinni.

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra með tekjur sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða og aldrei lengur en í fjóra mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði. Leitast skal við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Veita skal þeim sem fengið hafa óskerta fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelldt sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð skv. reglunum.

Heimilt er að greiða foreldrum sem njóta fjárhagsaðstoðar sérstakan styrk vegna fermingar barna. Fjárhæð fermingarstyrkja skal taka mið af viðmiðunarfjárhæðum innanríkisráðuneytisins í leiðbeiningum til sýslumanna vegna krafna um sérstök framlög.

Greinin hljóðar nú svo:

11. gr.

Grunnfjárhæð

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og breytist 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu neysluverðs. Grunnfjárhæð fyrir einstakling er 154.384.- kr. Framfærslugrunnur vegna einstaklings 18 ára og eldri er 1, en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6. Einstaklingar sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum eiga rétt á hálfri grunnupphæð framfærsluaðstoðar á mánuði njóti þeir sannanlega hagræðis af sambúðinni.

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra með tekjur sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða og aldrei lengur en í fjóra mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði. Leitast skal við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Veita skal þeim sem fengið hafa óskerta fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelldt sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð skv. reglunum.

Heimilt er að greiða foreldrum sem njóta fjárhagsaðstoðar sérstakan styrk vegna fermingar barna. Fjárhæð fermingarstyrkja skal taka mið af viðmiðunarfjárhæðum innanríkisráðuneytisins í leiðbeiningum til sýslumanna vegna krafna um sérstök framlög.

Þá er lagt til að í 1. mgr. 8. grein bætist eftirfarandi „...sem og afrit þinglýstra skjala til staðfestingar á kostnaði vegna húsaleigu eða eigin húsnæði.“

Greinin hljóði þá svo í heild:

8. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustunni í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir og staðfesting á skólavist. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum sem og afrit þinglýstra skjala til staðfestingar á kostnaði vegna húsaleigu eða eigin húsnæði. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa tilskildum gögnum frá vinnumiðlun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá atvinnuleysistryggingasjóði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hjá vinnumiðlun hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Tillögur að verkferlum Fjölskylduþjónustu vegna fjárhagsstyrks

Verkferli gerir ráð fyrir tveim teyllum sem veita einstaklingum sem sækja um eða eru á framfærslustyrk einstaklingsmiðaða þjónustu. Annars vegar er það **Matsteymi Fjölskylduþjónustunnar** sem ákvarðar um umsóknir, metur vinnufærni og ástæður óvinnufærni. Hins vegar er það **Virkni- og úrræðateymi Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar** sem fylgir fólki í gegnum þau úrræði sem þeim er beint í samkvæmt matsteyminu.

Lagt er til að skipaður verði umsjónarmaður/ritstjóri sem haldi utan um allar breytingar og uppfærslur á verkferlum þessum. Verkferlarnir hafa eftirfarandi markmið/tilgang:

- Að stuðla að samræmdu verklagi allra sem koma að veittri þjónustu
- Að allir hafi sömu upplýsingar og þær séu aðgengilegar öllum á einum stað
- Að stuðla að sem skjótastrí málsmeðferð og vönduðum vinnubrögðum
- Að hverjum sem að þjónustu kemur sé ljóst heildarferlið og hlutverk hvers við heildarþjónustu
- Að farið sé að reglum um fjárhagsaðstoð
- Að verkferlar séu endurmetnir og uppfærðir með reglubundnum hætti eftir þörfum

Tillögur að verkferli matsteymis Fjölskylduþjónustu

1. Umsóknir

a. Umsækjandi sendir inn umsókn:

Við umsókn um fjárhagsaðstoð skal fylla út staðlað rafrænt eyðublað „umsókn um fjárhagsaðstoð“ þar sem tilgreint er hvers konar fjárhagsaðstoð er sótt um með því að haka við valmöguleika og þá upplýsist hvort sótt er um **framfærslustyrk**.

Þrjár leiðir eru mögulegar við að fylla út rafræna umsókn um fjárhagsaðstoð:

1. Á „mínum síðum“ inn á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
2. Fylla út eyðublaðið í gegnum síma með aðstoð ritara/þjónustuværs í síma 5855700/5855700, hægt er beina símtali á ráðgjafa á vakt ef umsækjandi óskar eftir.
3. Koma í afgreiðsluna og fylla út eyðublað, hægt er að vísa á ráðgjafa á vakt ef umsækjandi þarf aðstoð við að fylla út eyðublaðið.

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum.

b. Umsækjanda úthlutað viðtalstíma hjá ráðgjafa:

Fjárhagsaðstoð er aldrei afgreidd nema að undangengnu samskiptum við félagsráðgjafa og því er umsóknin meðhöndluð sem beiðni um viðtalstíma.

Matsteymi hefur samband við umsækjanda innan tveggja virkra daga frá móttöku umsóknar og úthlutar tíma hjá ráðgjafa innan tíu virkra daga frá móttöku.

Í þessum samskiptum er staðfest að sótt sé um framfærslustyrk, allar umbeðnar upplýsingar á umsókn hafi verið færðar inn og umsækjandi hafi tekið saman öll gögn er eiga að fylgja með umsókn.

2. Frummat á umsókn um fjárhagsstyrk

a. Viðtalstími hjá félagsráðgjafa:

- **Almenn ráðgjöf**

Ráðgjafi býður umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veitir upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar s.s. hjá VMST eða TR og tryggir að sá réttur sé nýttur.

- **Gögn metin og ákvarðað um umsókn.**

Ráðgjafi metur gögn umsækjanda og ef hann fullnægir frumskilyrðum samþykkir ráðgjafi umsóknina. Aðrar umsóknir skulu fara fyrir afgreiðslufund til ákvörðunar.

Ef umsækjandi á augljóslega ekki rétt á framfærslustyrk s.s. vegna þess að hann er yfir tekjuviðmiðum, eða á rétt á atvinnuleysisbótum þá er umsækjandi upplýstur um það og umsókn hans ekki send áfram til afgreiðslufundar nema hann sérstaklega óski svo. Umsækjandi getur sótt sérstaklega um að umsóknin fari fyrir afgreiðslufund þó ráðgjafi mæli ekki með því og er það nauðsynlegt ferli ef umsækjandinn hyggst kæra synjun.

- **Greining á því hvort um tímabundinn stuðning sé að ræða**

Ef um tímabundinn stuðning er að ræða samhliða umsókn eða tilvísun til TR, VIRK eða VMST þá er umsækjanda vísað strax áfram í lánaleið. Ekki er unnið frekar með þessa einstaklinga hvað varðar greiningu á vinnufærni eða virkniúrræði.

- **Frummat á vinnufærni eða óvinnufærni og ávísun í framhaldi til frekari úrræða**

Ef fólk telur sig vinnufært er fólk vísað beint til Atvinnumiðstöðvar í virkniátak. Félagsráðgjafi bókar tíma hjá Atvinnumiðstöð innan viku frá viðtali.

Ef fólk telur sig óvinnufært er fólk vísað áfram til matshóps þar sem vinnufærni viðkomandi er metin út frá faglegum forsendum og leiðbeinir þá umsækjanda um úrræði og virkni. Félagsráðgjafi bókar alltaf tíma hjá trúnaðarlækni innan viku og sálfræðing í þeim tilvikum sem þess er þörf. Félagsráðgjafi framkvæmir mat út frá stöðluðu formi í viðtali.

- **Mat félagsráðgjafa á vinnufærni**

Samhæft staðlað mat svo allir ráðgjafar geti framkvæmt matið og sá ráðgjafi sem situr í matshóp geti unnið úr þeim upplýsingum án þess að hitta umsækjanda.

b. Afgreiðslufundur.

- **Umsókn metin**

Afgreiðslufundur metur umsóknir sem ráðgjafar hafa ekki úrskurðað um. Nefndin hittist vikulega hvern þriðjudag.

- **Niðurstaða afgreiðslufundar kynnt umsækjanda**

Niðurstaða afgreiðslufundar er send umsækjanda skriflega, hvort sem um synjun eða samþykkt er að ræða.

3. Greiðsluferill

Umsækjandi fær greitt næsta miðvikudag eftir að umsókn hans er samþykkt af matsteymi, annars fyrsta virka dag hvers mánaðar. Við sérstakar aðstæður má hafa samband við rekstrarsvið og fá greitt út á föstudegi telji félagsráðgjafi í matsteymi að aðstæður einstaklings kalli á slík úrræði.

4. Vinnufærnimat hjá VINNUFÆRNIHÓP

Hópur skipaður trúnaðarlækni, sálfræðingi og félagsráðgjafa frá Hafnarfjarðarbæ metur vinnufærni þeirra sem ekki eru á tímabundnum styrk og telja sig óvinnufæra. Hópurinn hittist á tveggja vikna fresti, annan hvern fimmtudag, og fer yfir nýjar umsóknir.

Gert er ráð fyrir að þegar farið er yfir umsókn þá hafi félagsráðgjafi lagt mat á vinnufærni umsækjanda út frá heildarsýn félagsráðgjafar, og trúnaðarlæknir hitt viðkomandi og metið líkamlega og andlega vinnufærni. Ekki er gert ráð fyrir sálfræðilegu mati í öllum tilvikum, og er það vinnufærnihóps að meta hvort þörf sé á slíku í hverju tilfelli fyrir sig.

Vinnufærnihópur framkvæmir á grundvelli þessa úttekt á ástæðum óvinnufærni þannig að hægt sé að bjóða viðkomandi þau úrræði sem henta honum best.

Trúnaðarlæknir úrskurðar einnig í þessu ferli um læknisfræðilegan heilsubrest ef við á þannig að hægt sé að vísa einstaklingi beint til VIRK í gegn um Virkni- og úrræðateymi.

Miðað er við að vinnufærnimati sé lokið áður en viðkomandi fái framfærslustyrk greiddan út í annað skiptið.

Tillögur að verkferli úrræða- og virkнитеymis Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar

Ráðgjafar Fjölskylduþjónustu og Atvinnumiðstöðvar vinna saman og bera ábyrgð á að umsækjandi sem matsteymi vísar til úrræða- og virkнитеymis fái eftirfarandi þjónustu:

- a. Tilboð um vinnu sé viðkomandi vinnufær.
- b. Úrræði hjá VMST samhliða tilboði um vinnu sé einstaklingur vinnufær en skorti aðstoð við endurkomu á vinnumarkað eða til eflingar á ráðningarhæfni sinni.
- c. Tilvísun í starfsendurhæfingu, hafi greining á vinnufærni og athugun trúnaðarlæknis leitt í ljós óvinnufærni vegna heilsubrests.
- d. Tilboð um meðferð, hafi greining leitt í knivanda í ljós.

1. Ráðning til starfa

Félagsráðgjafi bendir umsækjanda á viðtalstíma hjá ráðgjöfum hjá Atvinnumiðstöðinni.

a. Atvinnuviðtal hjá Atvinnumiðstöðinni

Ráðgjafinn aðstoðar við skráningu og fer yfir helstu atriði er máli skipta um þjónustuna og skyldur atvinnuleitenda. Ráðgjafi aðstoðar við gerð starfsleitaráætlunar með viðkomandi. Í viðtali er reynt að fá fram hvers konar störfum viðkomandi gæti hugsað sér að gegna. Út frá því er fundið það starf í starfabanka sem best hentar miðað við starfslýsingu atvinnurekanda. Ráðgjafar hafa samband við fyrirtæki samkvæmt þessum óskum og koma á ráðningarviðtali.

b. Ráðningarviðtal

Ráðgjafi, umsækjandi og atvinnurekandi undirrita þríhliða samning um ráðningu og greiðslu Fjölskyldusviðs á styrk til atvinnurekanda.

c. Greiðsla

Á grundvelli samnings sendir atvinnurekandi reikning mánaðarlega til Fjölskyldusviðs ásamt staðfestingu á greiðslu til launþega. Rekstrarfulltrúi greiðir reikninga.

d. Eftirfylgni

Þegar mánuður er liðinn frá ráðningu hefur félagsráðgjafi Fjölskylduþjónustunnar samband við launþega og kannar líðan hans og stöðu samkvæmt gátlista **Úrræði samhliða atvinnuleit fyrir þá sem eru metnir með takmarkaða starfs- eða ráðningarhæfni**

Félagsráðgjafi úr Matsteymi vísar umsækjanda áfram til félagsráðgjafa Virkni- og úrræðateymis ásamt gögnum um starfshæfnismat.

e. Viðtal hjá Virkni- og úrræðateymi.

Félagsráðgjafi Virkni- og úrræðateymis fer yfir starfshæfnismat með umsækjanda og velur úrræði á vegum VMST eða annarra út frá því í samráði við hann. Möguleg úrræði:

- i. Starfsleitarnámskeið þar sem farið er yfir atvinnuleit, ferilskrá og fleira. Samhliða er umsækjanda boðin vinna í hlutastarfi. Ef viðkomandi er ekki búinn að fá starf eftir fjórar vikur er hann skráður á sjálfstyrkingarnámskeið eða atvinnutengda endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

ii. Sjálfstyrkingarnámskeið sem getur verið eftirfarandi:

1. Ný tækifæri, (3 vikur).
2. Verkfæri jákvæðrar sálfræði, (3 vikur).
3. Vaknað til vitundar, (2 vikur).
4. Takmarkalaust líf, (4 vikur).

Að loknu sjálfstyrkingarnámskeiði er við það miðað að einstaklingurinn fái tilboð um vinnu, nema úrræða- og virkniþeymi telji frekari úrræði nauðsynleg áður. Ávallt er við það miðað að úrræði skili viðkomandi í vinnu.

iii. Atvinnutengd endurhæfing.

Atvinnuleitendum sem ekki eru með skilgreindan læknisfræðilegan heilsubrest stendur til boða að fara í atvinnutengda endurhæfingu. Um er að ræða þann hóp sem er búið að missa sjálfstraustið og hefur gefist upp í atvinnuleitinni. Hér er um að ræða 8 vikna námskeið hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, þar af eru 3 vikur í starfsþjálfun. Að henni lokinni skal bjóða viðkomandi vinnu.

iv. Súrefni.

2. Starfsendurhæfing

Matshópur sendir tilvísun í starfsendurhæfingu sem við á (læknir).

Virgni- og úrræðateymi ber ábyrgð á samskiptum við starfsendurhæfingu meðan á henni stendur. Ef starfsendurhæfing er ekki talin henta umsækjanda, er honum boðin önnur úrræði. Strax að starfsendurhæfingu lokinni skal bjóða hinum endurhæfða starf.

3. Meðferðarúrræði

Sé talin þörf á meðferðarúrræði að mati Matsteymis, boðar ráðgjafi þar einstakling í viðtal hjá Virgni- og úrræðateymi. Í því ráðgjafarviðtali býður ráðgjafi upp á úrræði sem talið er henta honum. Í flestum tilfellum er um að ræða greiningarviðtal hjá SÁÁ. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingur á framfærslustyrk fer í meðferð nýtur hann sjúkradagpeninga en fær framfærslustyrk á meðan á eftirmeðferð stendur. Strax að henni lokinni er honum boðin vinna ásamt öðrum samhliða úrræðum.

Tillögur að gæðamati og úttektum

Lagt er til að árangursmat verkefnis fari fram með reglubundnum hætti og verði framkvæmt í fjórum þáttum. Annars vegar með megindegum aðferðum sem felst í tölfraðilegum gæðavísi um mælanlegan árangur verkefnisins og spurningakönnun meðal atvinnurekenda og þeirra sem hafa fengið starfsráðningu í gegnum verkefnið, hins vegar með eigindlegum aðferðum sem felast í viðtölum við þátttakendur í átaksverkefni og reglubundnum fundum með starfsfólki.

1. Lagt er til að tölur í gæðavísi verði ýmist teknar út vikulega eða mánaðarlega sbr. meðfylgjandi lista.
2. Lagt er til að um mánaðarmótin ágúst/september verði viðhorfskönnun lögð fyrir. Annars vegar meðal allra atvinnurekenda og stjórnenda sem hafa ráðið starfsfólk innan verkefnisins. Hins vegar meðal allra þátttakenda í verkefninu, þ.á.m. þeirra launamanna sem áður voru á fjárhagsstyrk en fengu ráðningu gegn um verkefnið.
3. Lagt er til að fundað verði mánaðarlega með starfsfólki Fjölskyldusviðs og Atvinnumiðstöðvar til að meta framgang verkefnisins og viðhorf starfsfólks til þess. Í kjölfar þeirra funda fái Fjölskylduráð minnisblað um framgang þess út frá því sem fram kom hjá starfsfólki og gögnum úr gæðavísi. Þannig sé ákveðið símat í gangi sem gerir kleift að bregðast við með breytingum á vinnulagi eða verkefni sé tilefni til slíks.
4. Lagt er til að viðhorf notenda séu greind með kerfisbundnum hætti í viðtölum starfsfólks Fjölskylduþjónustu.

MATSTEYMI GÆÐAVÍSIR

Umsóknir og þátttakendur í verkefni	Tíðni
Fjöldi nýrra umsókna	Vikulega
Hafnanir um framfærslustyrk	Vikulega
Samþykktir á framfærslustyrk	Vikulega
Úrskurðaðir í biðhóp	Vikulega
Úrskurðaðir í virknihóp	Vikulega
Heildarfjöldi einstaklinga á framfærslustyrk	Vikulega
Þar af í biðhóp	Vikulega
Þar af í úrræðahóp	Vikulega
Þar af karlar	Mánaðarlega
Þar af konur	Mánaðarlega
Þar af 18-29 ára	Mánaðarlega
Þar af 30-49 ára	Mánaðarlega
Þar af 50 ára og eldri	Mánaðarlega

Vinnufærnimat	Tíðni
Metnir einstaklingar	Vikulega
Metnir vinnufærir	Vikulega
Metnir óvinnufærir í úrræði	Vikulega
Metnir óvinnufærir í starfsendurhæfingu	Vikulega
Metnir óvinnufærir án úrræða	Vikulega

Skerðingar	Tíðni
Fjöldi tilvísðra mála frá úrræðateymi	Vikulega
Fjöldi úrskurða um 3 mánaða skerðingu	Mánaðarlega
Þar af úr heilum í hálfan kvarða	Mánaðarlega
Þar af úr hálfum í fjórðungskvarða	Mánaðarlega
Fjöldi úrskurða um 6 mánaða skerðingu	Mánaðarlega
Fjöldi úrskurða án skerðinga	Mánaðarlega

ÚRRÆÐATEYMI GÆÐAVÍSIR

Starfabanki	Tíðni
Fjöldi starfa samkvæmt verkáætlun	Vikulega
Fjöldi starfa í starfabanka	Vikulega
Þar af frá bænum	Vikulega
Þar af frá almennum vinnumarkaði	Vikulega
Hlutfall skráðra starfa af markmiðum	Vikulega

Þjónusta	Tíðni
Fjöldi ráðgjafarviðtala	Vikulega

Ráðningar	Tíðni
Fjöldi ráðninga samkvæmt verkáætlun	Vikulega
Fjöldi ráðninga á viku	Vikulega
Uppsafnaður fjöldi ráðninga	Vikulega
Þar af konur	Mánaðarlega
Þar af karlar	Mánaðarlega
Þar af 18-29 ára	Mánaðarlega
Þar af 30-49 ára	Mánaðarlega
Þar af eldri en 50 ára	Mánaðarlega
Ráðningar hjá bænum	Vikulega
Ráðningar á almennum markaði	Vikulega

Úrræði	Tíðni
Fjöldi í úrræðum hjá VMST	Vikulega
Tilvísanir til VIRK	Mánaðarlega
Fjöldi á starfsendurhæfingarsamningi	Mánaðarlega
Fjöldi í meðferðarúrræðum vegna fíknar	Mánaðarlega

KOSTNAÐARÞÆTTIR GÆÐAVÍSIR

Kostnaður	Tíðni
Áætlaður kostnaður vegna fjárhagsstyrks	Mánaðarlega
Áætlaður kostnaður út frá janúartölum	Mánaðarlega
Raunkostnaður vegna fjárhagsstyrks	Mánaðarlega
Mismunur raunkostnaðar og áætlunar	Mánaðarlega
Mismunur raunkostnaðar og janúartalna	Mánaðarlega
Kostnaður vegna ráðninga	Mánaðarlega

Heimildaskrá

Arbejdsmarkedstyrelsen. (Juli 2013). Reform af kontantshjælpssystemet. Arbejdsmarkedstyrelsen.

Maskína. (Nóvember-desember 2013). *Vinnumálastofnun. Fyrrum atvinnuleitendur.*

Sigurðardóttir, E. B. (Apríl 2011). Áhrif starfsendurhæfingar og staða hennar á Íslandi. Samantekt á efni fyrirlesturs á starfsdögum hjá Velferðarsviði Reykjavíkur um virkni í febrúar 2011.

Sigurðardóttir, E. B. (Apríl 2011). Virknistefna, skilyrðingar, áhrif virkniúrræða og valdefling. Samantekt á efni fyrirlesturs á starfsdögum Velferðarsviðs Reykjavíkur um virkni í febrúar 2011.

Verkefnastjórn Liðsstyrks. (2013). *Liðsstyrkur, stöðuskýrsla. Mat á stöðu og framgangi verkefnis í ágúst 2013.*

Fylgiskjöl

1. Samningur, dags. 20. desember 2013.
2. Minnisblað til bæjarstjóra, dags 23. desember 2013.
3. Fundargerð frá vinnufundi með ráðgjöfum og starfsfólki Fjölskyldupjónustu og Atvinnumiðstöðvar, dags. 14. janúar 2014.